

Alþingi  
Erindi nr. P 138/891  
komudagur 30.12.2009



Fjárfestingarstofan

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Fjárfestingarstofu hefur borist beiðni um umsögn við tillögu til þingsályktunar í þskj. 13 um aðgerðir til að hvetja til fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi.

Stjórn Fjárfestingarstofu hefur á undanförunum misserum vakið athygli á þeim atriðum sem gætu orðið til að auka árangur og fjölbreytni beinnar erlendrar fjárfestingar hér á landi og fagnar því fram kominni þingsályktunartillögu um leið og því er haldið til haga að nokkur þeirra atriða sem minnst er á eru nú þegar komin í vinnslu hjá núverandi ríkisstjórn.


Þannig er nefnd um rammalöggjöf fyrir ívilnanir að ljúka störfum á næstu vikum og ætti því að skapast möguleiki á að leggja frumvarp fyrir alþingi um þetta mál á komandi vorþingi. Þá er orkustefnunefnd að störfum auk þess sem rammaáætlun um orkunýtingu og náttúruvernd er í lokavinnslu.

Eftir stendur hins vegar:

- a) Nauðsyn þess að koma á kerfi þar sem sveigjanleiki verður meiri í orkuafhendingu,
- b) Þörfin fyrir það að tiltekin landssvæði verði skilgreind fyrir iðnaðarsvæði og þau verði metin út frá tilteknu álagi til að stytta umhverfismatsferlið svo sem kostur er.
- c) Brýn spurn eftir aukinni þrepaskiptingu í orkudreifingartöxtum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem eru í orkuháðri framleiðslu.
- d) Óskir um sveigjanlegri reglur varðandi beintengingu iðnfyrirtækja við jarðvarma-veitur þar sem framleiðslan nýtir fjölbætta orkustrauma slíkra veitna, samanber áður sendar tillögur til iðnaðarnefndar fyrir á árinu.

Reykjavík 30 des.2009

f.h. verkefnisstjórnar Fjárfestingarstofu

  
Þóður H. Hilmarsson  
Forstöðumaður.

[www.invest.is](http://www.invest.is)

Fjárfestingarstofan – Invest in Iceland Agency – Borgartúni 35, 105 Reykjavík  
Sími: 5615200 – Fax: 5114040 – Netfang: [info@invest.is](mailto:info@invest.is)